

Jane McBride
(Byggt á sannri sögu)

„Alex, það er kominn tími til að fara í talþjálfun,“ sagði ungfrú Jenkins.

Alex hneigði höfuðið. Talþjálfun var sérstakur námsbekkur sem hann fór í. Hann átti erfitt með að segja nokkur orð og hljóð. Hann þurfti því að æfa þau í taltíma nokkrum sinnum í viku. Í hvert sinn sem hann fór úr sínum venjulega námsbekk, leið honum vandræðalega!

Hann leit upp til kennarans síns. „Gæti ég sleppt þessu?“ hvíslaði hann. „Bara í dag?“

Í dag ætlaði herra Timmons að koma í námsbekk Alex til að tala um risaeðlur. Herra Timmons vann á safni með fullt af flottum risaeðlubeinum. Hann ætlaði meira að segja að koma með bein sem var mörg þúsund ára gamalt! Alex vildi ekki missa af þessu.

Ungfrú Jenkins brosti. „Þú þarft samt að fara í taltímann þinn. Þú gætir þó komið aftur og náð að



Risaeðlubein hljómuðu miklu skemmtilegri en talþjálfun.

hlusta á síðasta hluta fyrirlestrar herra Timmons.“

Alex reyndi að brosa til baka, en hann gat það ekki. Hann gekk hægt að talþjálfunarstofunni. Í kennslustund var æft að segja sama hljóðið aftur og aftur. Það hefði verið skemmtilegra að læra um risaeðlur.

„Ég hata að segja þessi heimskulegu hljóð,“ sagði hann við talþjálfunarkennarann sinn. „Mér finnst ég vera eins og smábarn.“

„Þú ert alls ekki smábarn,“ sagði hún. „Við þurfum öll stundum örlitla auka hjálp. Vissir þú að ég fór í talþjálfun þegar ég var á þín-um aldri?“

Það lét Alex líða aðeins betur. Hann vann hörðum höndum við að æfa hljóðin sín til að komast í síðasta hluta námsbekkjarins.

Þegar Alex kom aftur í kennslustofu ungfrú Jenkins, sá hann vinkonu sína Courtney vera að fara.

„Hvert ertu að fara?“ spurði hann.

Courtney leit niður. „Ég á í erfiðleikum með lestur. Ég þarf að fara í sérstakan lestrartíma.“ Courtney varð vandræðaleg.

„Hey, það er allt í lagi,“ sagði Alex. „Ég er nýkominn úr taltímanum mínum. Allur tíminn fór í það að æfa sama hljóðið aftur og

aftur.“ Hann saug upp í nefið.

„Er það?“

Hann kinkaði kalli. „Ég hef farið í talþjálfun síðustu tvö árin.“

„Hvers vegna vissi ég það ekki?“ hún spurði.

Alex yppti öxlum. „Ég sagði aldrei neinum frá því. Ég var hræddur um að gert yrði grín að mér.“

„Ég myndi aldrei gera grín að þér,“ sagði Courtney. „Ég er ánægð með að þú komst aftur í tíma til að sjá risaeðlubeinið. Það er virkilega flott!“ Hún veifaði. Ég verð að fara. Sjáumst seinna.“

Fljótlega komst Alex að því að hann og Courtney voru ekki þau einu sem fóru í aðra námsbekki. Tommy fór í námsbekk sér til hjálpar við að læra betri félagsfærni. Bekah starfaði líka með sérkennara henni til hjálpar við að styrkja handlegginn eftir að hún meiddist.

Nú leið Alex ekki svo illa með taltímann sinn. Hann vildi líka hjálpa hinum krökkunum að líða betur. Hann æfði lestur með Courtney og talaði við Tommy í hádeginu. Allir þurfa stundum örlitla auka hjálp og það er bara allt í lagi! ● Þessi atburður gerðist í Bandaríkjunum.

Ég fæ auka hjálp við lestur.



Ég fæ auka hjálp við félagsfærni.



Ég fæ auka hjálp með handlegginn.



Örlítill AUKA hjálp